

## **Víkivaki (Sunnan yfir sæinn)**

Sunnan yfir sæinn breiða  
sumarylinn vindar leiða.  
Draumalandið himinheiða  
hlær - og opnar skautið sitt.

Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt !

Gakk þú út í græna lundinn,  
gáðu fram á bláu sundin.  
Mundu, að það er stutt hver stundin,  
stopult jarðneskt yndi þitt.

Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt !

Allt hið liðna er ljúft að geyma  
- láta sig í vöku dreyma.  
Sólskinsdögum síst má gleyma,  
segðu engum manni hitt !

Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt.

*Lag: Valgeir Guðjónsson*

*Texti: Jóhannes úr Kötlum*

*Birt með góðfúslegu leyfi höfundar.*

